

Spjall við Dag Kára um verðlaunamyndina *Fúsa*

Dagur Kári, handhafi kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2015, talar um verðlaunamyndina *Fúsa* sem var framleidd af Baltasar Kormáki og Agnesi Johansen fyrir RVK Studios.

Hvernig fékkstu hugmyndina að *Fúsa*?

Dagur Kári: Þetta byrjaði allt þegar ég sá aðalleikarann, Gunnar Jónsson, fyrst í Fóstbræðrum fyrir 15–20 árum síðan. Ég kolféll um leið fyrir nærveru hans. Svo var það fyrir þremur eða fjórum árum að ég sat í flugvél og beið og virti fyrir mér farangurskerrurnar niðri á vellinum. Frá því sjónarhorni minntu þær á leikfangabíla. Gunnar og litla farangurskerran runnu einhvernveginn saman í huga mér og urðu táknræn fyrir myndina, vegna þess að persóna Gunnars – Fúsi – er fastur í eigin æsku, á sama hátt og hann situr bókstaflega fastur í lítilli farangurskerru í upphafi myndarinnar og bíður þess að flugvélnar lendi. Skyndilega kom allt heim og saman.

Þrátt fyrir að Fúsi hafi staðnað í æsku og leiki sér enn með leikföng er hann samt vitrari og hefur meiri andlegan styrk en flestar aðrar persónur myndarinnar.

D.K.: Hann er vanafastur og býr enn hjá mömmu sinni, í vernduðu umhverfi, en þegar hann neyðist til að bregða út af vananum kemst hann að raun um að hann getur ýmislegt.

Myndin fjallar líka um fordóma. Vegna útlits Fúsa og klaufaskapar er hann lagður í einelti í vinnunni og fólki telur hann einfeldning, jafnvel barnaníðing. En hann hefur hreint hjarta, er ekki dómharður gagnvart samferðafólki sínu og að lokum ávinnur hann sér virðingu þess.

Pú ert handritshöfundur, leikstjóri og semur einnig tónlist fyrir myndir þínar. Hvert þessara sköpunarforma er í mestu uppáhaldi hjá þér?

D.K.: Ég lærði að búa til tónlist áður en ég fór að gera kvikmyndir. Ég ákvað að verða kvikmyndagerðarmaður meðal annars vegna þess að formið sameinar allt sem ég hef mest gaman af: að semja tónlist, skrifa og spá í sjónræna þætti. Tónlistarsköpunin er eitt af því sem ég nýt mest í kvikmyndagerðinni – eins og að borða eftirrætt eftir veglega máltíð!

Gunnar Jónsson – sem hlaut verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki á Tribeca-kvikmyndahátíðinni í New York fyrr á þessu ári – er ekki lærður leikari, þó hann leiki hlutverk sitt af stakri list. Hvernig var samstarf ykkar?

D.K.: Gunnar er náttúrutalent og einhver besti leikari sem ég hef unnið með. Samstarfið var mjög áhugavert, vegna þess að við ræddum hlutverkið varla neitt áður en tökur hófust. Á meðan ég skrifaði handritið var hann að vinna sem skipskokkur og var á sjónum þrjá mánuði í senn. Ég sendi honum fullklárað handritið löngu fyrir tökum, og hann spurði einskis um persónuna eða söguna. Ég vissi ekki hvort hann væri búinn undir tveggja mánaða tökum, þar sem hann yrði í nánast hverjum ramma, svo ég var dálítið taugaóstyrkur.

Svo rann fyrsti tökudagur upp og það kom á daginn að hann var fyllilega undirbúinn. Hann hafði lesið handritið svo oft að hann kunni það utan að. Svo var engu líkara en hann hefði leikið aðalhlutverk í 20 kvikmyndum, því hann var með tæknina algerlega á hreinu. Ef hann fékk sér mjólkursopa, þá gerði hann það nákvæmlega eins í hvert einasta skipti. Gunnar ber náttúrulegt skynbragð á blæbrigði leiklistarinnar og það hvernig á að haga sér fyrir framan myndavélina. Hann bað ekki um lof mitt eða álit á frammistöðu sinni eftir hverja töku. Þetta var þögn en frelsandi samstarf.

Hvernig gekk samstarfið við framleiðendurna, Baltasar Kormák og Agnesi Johansen?

D.K.: Mér fannst það ganga stórvel. Þau skildu að myndin þurfti tíma til að vaxa, og að eftirvinnslan tók tíma. Það þurfti að finna rétta jafnvægið.

Hvað er næst á dagskrá hjá þér? Þú starfar hjá Kvikmyndaskóla Danmerkur og ert þar yfir leikstjórnardeildinni. Muntu hafa tíma til að gera aðra kvikmynd – eða kannski sjónvarpsþátt?

D.K.: Ég nýt þess að vinna í kvikmyndaskólanum þar sem ég var sjálfur við nám seint á tíunda áratugnum. Það er afar hressandi að vera hinumegin við borðið og mér finnst ég næstum hafa lært meira á því að kenna í eitt ár en á fjórum árum sem nemandi. Starfinu fylgir þó mikil ábyrgð og lítill tími gefst til að sinna öðru. En ég er með ýmsar hugmyndir að verkefnum á Íslandi og í Danmörku, bæði að kvikmyndum og sjónvarpsefni. Gamanþáttarformið hefur alltaf heillað mig og að vissu leyti liggja sömu lögmál til grundvallar þar og í myndunum mínum, þar sem sjónum er beint að persónum í tilteknum aðstæðum.

Annika Pham tók viðtalið